



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

**Sendandi:** Skrifstofustjóri stjórnsýslu á menningar- og íþróttasviði

***Tillaga um endurgerð á innilaug Sundhallar ásamt nýju tæknirými, endurgerðum pottum á austursvölum, færslu á þvottahúsi og nýjum gufuböðum í núverandi þvottarými.***

Sundhöll Reykjavíkur var upphaflega hönnuð af Guðjóni Samúelssyni árið 1929 og tekin í notkun árið 1937. Árið 2017 var byggð viðbygging með útilaug, pottum og eimbaði.

Laugarker innilaugar er orðið illa farið og þarfnast endurgerðar. Laugarkerið verður brotið niður og endursteypt, einnig verða pottar á austursvölum steiptir að nýju. Jafnframt verður þvottahús á neðri hæð fært á efri hæð og komið fyrir nýjum gufuböðum, þurrufu og infra rauðri gufu á neðri hæð í stað þvottaherbergis.

VA arkitektar hafa séð um hönnun verkefnisins ásamt Verkís verkfræðistofu sem hefur séð um tæknihönnun.

Menntamálaráðherra friðaði bygginguna 20. desember 2004 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsfriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa. Minjastofnun Íslands hefur verið með í ráðum í hönnunarferlinu.

Lagt er til að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykki meðfylgjandi byggingarleyfisumsókn.


Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,  
skrifstofustjóri stjórnsýslu  
Menningar- og íþróttasvið




# Sundhöll Reykjavíkur

Byggingarleyfisumsókn



# Sundhöll Reykjavíkur

fyrirhugaðar framkvæmdir





# Byggingin í dag

**1.** Almennar upplýsingar um núverandi byggingar

---

**2.** Byggingarlýsing núverandi bygginga

---

**3.** Eldri bygging Sundhallarinnar

---

**4.** Viðbygging útilaugar



# Almennar upplýsingar um núverandi byggingar

- Sundhöll Reykjavíkur var upphaflega hönnuð árið 1929 af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og var tekin í notkun árið 1937. Var byggingin friðuð af menntamálaráðherra 20. desember 2004 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa.
- Árið 2017 var viðbygging tekin í notkun sem inniheldur útilaug, heita og kalda potta, vaðlaug, nýja afgreiðslu, bað- og búningsklefa kvenna, vatnsgufubað, útklefa og sérklefa með aðstöðu fyrir fatlaða. Samhliða þessu og í framhaldi hafa verið gerðar nauðsynlegar endurbætur á eldri bað- og búningsklefum sem og á aðgengi fatlaðra og aðgangsstýringu.
- **NÚVERANDI STÆRÐ Heildarstærð**
- 2.854,3 m<sup>2</sup>, 14.369,3 m<sup>3</sup>
- **Stærð stakra hæða**
- Tæknikjallari: 531,5 m<sup>2</sup>, 1.656,4 m<sup>3</sup> Kjallari:
- 1.044,6,1 m<sup>2</sup>, 3.4423,9 m<sup>3</sup> 1. hæð:
- 1.264,0 m<sup>2</sup>, 8.700,4 m<sup>3</sup>



# Byggingarlýsing núverandi bygginga

- Sundhöll Reykjavíkur er tveggja hæða bygging með aðalgólfí í hæð Barónsstígs og eru afgreiðsla, starfsmannarými, búningasklefar og böð karla ásamt eldri innilaug á þeirri hæð.
- Heitir pottar og gufubað eru einnig staðsett á þessari hæð á svölum sem snúa í austurátt.
- Á umræddum austursvölum er vaktrými laugarinnar staðsett og tenging niður á neðri hæð að útilaug.
- Ofan á þaki búningasklefa karla eru suðursvalir sem eru aðgengilegar upp stiga úr sundlaugasalnum. Er þeim skipt í miðju með steiptum vegg í tvær svalir.
- Á neðri hæðinni eru eldri búningasklefar og böð kvenna, þvottaherbergi og nokkrum þrepum lægra er tækniými staðsett austan við ker innilaugarinnar og er það með aðgengi út að sorp- og hjólageymslu.



# Eldri bygging Sundhallarinnar

- Útveggir eru úr steinsteypu sem er yfir 50 cm þykk og eru að mestu leyti óeinangraðir.
- Burðarvirki er allt úr járnbentri steinsteypu.
- Þök eru einangruð að ofan og förguð með gróðri.
- Léttir innveggir eru almennt hlaðnir, þunnhúðaðir og málaðir eða flísalagðir.
- Þak yfir sundlaugarsal er klætt með læstri málmklæðningu. Gluggar eru úr málm og málaðir og útihurðir eru úr glær lökkuðum og/eða olíubornum harðvið.
- Lagnaleiðir eru í veggjum og gólfplötum.
- Náttúruleg og vélræn loftræsing er í húsinu og hefðbundið ofnakerfi.
- Gólf eru almennt flísalögð. Innilaug er flísalögð en pottar á austursvölum eru málaðir.



# Viðbygging útilaugar

- Viðbygging útilaugar tengist eldra húsinu með léttri viðbyggingu við Barónsstíg og er á tveimur hæðum ásamt tilheyrandi tæknikjallara undir laugarbakkanum.
- Útilaugin sjálf er í sömu hæð og neðri hæð eldri byggingarinnar. Þar eru einnig útiklefar, gufubað og pottar ásamt nýjum búningssklefum kvenna og búningssaðstöðu fatlaðra.
- Útveggir eru úr steinsteypu sem eru almennt 20 cm að þykkt og eru að mestu einangraðir að innan.
- Léttir innveggir eru almennt hlaðnir.
- Gluggar og útihurðir eru úr áli.
- Lagnaleiðir eru í veggjum og gólfplötum.
- Náttúruleg og vélræn loftræsing er í húsinu og hitalagnir í gólfum.
- Gólf og sundlaugabakki eru almennt úr slíppaðri ílögn (Terassó) en snyrtingar flísalagðar.
- Útilaug og pottar eru flísalögð.





# Breytingar sem sótt er um

Laugarsalur

**05**

Tæknirými

**06**

Austursvalir

**07**

Pvottaherbergi og gufuklefar

**08**



**09** Laugargæsla

**10** Suðursvalir

**11** Lóð

**12** Flokkun



# Breytingar sem sótt er um

- Laugarsalur
- Núverandi laugarker er endurgert og hannað eftir núverandi gildandi reglum um sundlaugar og aðgengi bætt.
- Endurgert laugarker helst áfram tvískipt þ.e. annars vegar 25m sundlaug og hins vegar 7m kennslu- og barnalaug.
- Báðar laugarnar verða 10 m að breidd.
- Samskonar yfirfallskantur og er á útilauginni er notaður.
- Allt gólf í kringum laugina er endurgert.









# Breytingar sem sótt er um

- Tæknirými
- Fyrirhuguð viðbygging tæknirýmis verður á einni hæð auk kjallara sem tengist tæknirými útilaugarinnar.
- Til að samtenging kjallaranna þá eru núverandi útitróppur fjarlægðar og í stað þeirra kemur tengingangur.
- Ofan á nýja, steypta þakplötu tengingangsins er sorpgerði staðsett.
- Kóti nýrra gólfa eru í sömu hæð og aðliggjandi gólf núverandi bygginga.
- Nýjir stigar og vörulyfta (pallalyfta) tengja hæðir tæknirýmanna saman.









# Breytingar sem sótt er um

- Austursvalir
- Síðari tíma gufubað er fjarlægt ásamt loftinntaki loftræsingar.
- Heitir pottar eru breyttir í samræmi við núgildandi reglur um sundstaði og aðgengi að þeim bætt.
- Handrið svalanna og skjólveggir verða endurgerðir.













# Breytingar sem sótt er um

- Þvottaherbergi og gufuklefar
- Núverandi þvottaherbergi er flutt upp um hæð í fyrrverandi herbergi forstöðumanns sem er á sömu hæð og afgreiðsla.
- Nýr gufuklefi og infrarauður-klefi ásamt sturtum er komið fyrir í stað þvottaherbergisins.







# Breytingar sem sótt er um


## Laugargæsla

Í dag er engin aðstaða fyrir laugarverði í salnum fyrir utan laust sæti á laugarbakkanum.


Ný aðstaða fyrir laugarvörð er því komið fyrir í herbergi inn af laugarsalnum.


Gólfíður glerveggur skilur vaktherbergi frá salnum.

Þar verða tilheyrandi búnaður öryggiskerfis s.s. skjáir komið fyrir.



Ný aðstaða f. vöktun








# Breytingar sem sótt er um

- Suðursvalir
- Gert er gat í steyptan vegg sem aðskilur svalirnar þannig að þær verða mynda einar svalir sem eru aðgengilegar frá báðum stigum.
- Handrið svalanna og skjólveggir verða endurgerðir.







# Breytingar sem sótt er um

- Lóð
- Núverandi sorpskýli ásamt hjólaskýli eru fjarlægð og í staðin kemur opið sorpgerði með aðgengi frá Bergþórugötu.
- Hjólastæði eru við aðalinngang, fyrir framan bygginguna við Barónsstíg.


Hjóla og sorpgeymsluhús  
við austurgafi viku fyrir  
nýju tæknirými












Skurðmynd D-D  
1 : 100





# Breytingar sem sótt er um

- Flokkun
- Sbr. reglugerð Umhverfisstofnunar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skulu nýjar og endurbýggðar laugar uppfylla A flokk og er hannað skv. þeim kröfum.



## Meðfylgjandi umsókn þessari er umsögn Minjastofnunnar Íslands.

- **Sundhöll Reykjavíkur, breytingar á tröppum og laugarkeri**
- Á 6. fundi húsafríðunarnefndar 12. september 2023 fjallaði húsafríðunarnefnd um endurskoðaðar þrjár mismunandi tillögur VA arkitekta að breytingum á laugarkeri Sundhallar Reykjavíkur sem til stendur að endursteypa vegna skemmda. Í álitinu mátti Húsafríðunarnefnd með tillögu 3 þar sem laugarkerinu er skipt í tvær aðgreindar laugar líkt og sjá má á upphaflegum teikningum Guðjóns Samúelssonar að Sundhöllinni. Ekki er gerð athugasemd við hallandi stiga með þrepum niður í barnalaugina samkvæmt tillögu VA arkitekta með fyrirvara um endanlega útfærslu. Mælt er með að núverandi hallandi stigar í endurbættri hönnun með tilliti til öryggis og aðgengis haldi sér á 2-3 stöðum við 25 m laugina. Að öðru leyti verði stigar niður í laugina felldir inn í vegg laugarkersins eins og tillaga VA arkitekta sýnir. Við hönnun handlista ofan við tröppur skal þess gætt að svipmót salarins verði sem líkast því sem var í upphafi.
- Í tölvupósti 2. október barst Minjastofnun nánar útfærð tillaga VA arkitekta að breytingum á laugarkeri Sundhallar Reykjavíkur sem unnin var á grundvelli ábendinga í umsögn húsafríðunarnefndar frá 12. september sl. Í framhaldi var óskað eftir álitu Minjastofnunar á varðveislugildi stökkbretta við austurenda laugarkersins. Í athugun er að fjarlægja þau vegna slyshættu en bretti af þessari hæð eru nú víðast hvar lokuð almenningi. Ef brettin verða fjarlægð er unnt að minnka dýpi endurnýjaðs laugarkers úr 3,7 m í 3,0 m. Stökkbrettinn voru ekki í lauginni í upphafi og elsta mynd af þeim er frá árinu 1953.
- *Húsafríðunarnefnd gerir ekki athugasemd við endurskoðaða tillögu VA arkitekta sem kynnt var á fundinum. Að mati nefndarinnar eru stökkbretti frá 6. áratug 20. aldar ekki ómissandi hluti af byggingarlist hins fríðlýsta laugarsalar.*



Reykjavík